

Tilmæli 5/2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1774/velferd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit um þingmannatillögu um að Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun (A 1774/vælfärd)

Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 26. júní 2019 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beini sjónum að félagslegri einangrun og að Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun í samfélaginu með því að kanna ólíkar leiðir til að efla félagslega fjárfestingu í fyrirbyggjandi aðgerðum

að tillögur sem Árni Páll Árnason setti fram í tengslum við stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi í félagsmálum verði notaðar til að sporna gegn félagslegri einangrun jaðarsettra barna og ungmenna, fullorðinna, innflytjenda, eldri borgara og fólks með fatlanir á Norðurlöndum.

Kaupmannahöfn, 2. júlí 2019

Hans Wallmark

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs